

Ár 2017, þriðjudaginn 5. september, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Sigurði I. Halldórssyni, Helga R. Magnússyni og Halldóri Frímannssyni

**Fyrir er tekið málið nr. 5/2017:**

UMF Afturelding  
gegn  
UMF Selfoss

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

**ÚRSKURÐUR:**

I.

**Kærandi:**

UMF Afturelding kt. 460974-0119  
Íþróttamiðstöðinni Varmá,  
270 Mosfellsbæ  
Fyrirsvarsmaður: Jón Júlíus Karlsson

**Kærði:**

UMF Selfoss kt. 690390-2569  
Engjavegi 50,  
800 Selfoss  
Fyrirsvarsmaður: Sveinbjörn Másson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 22. ágúst sl. Ákveðið var að gefa kærða frest til að skila greinargerð til 30. ágúst sl. Kærði svaraði með óformlegum tölvupósti dags. 23. ágúst sl.

II.

**Kröfur:**

Kærandi krefst þess að úrslit leiks Selfoss/Hamar/Ægir gegn Aftureldingu í 3. flokki karla B liða sem fram fór miðvikudaginn 16. ágúst verði 0-3.

### III.

#### **Málsatvik og ágreiningsefni:**

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik Selfoss/Hamar/Ægir gegn Aftureldingu:

Selfoss/Hamar/Ægir tefldi fram ólöglegum leikmanni í leik 3. flokki karla B liða gegn Aftureldingi. Um er að ræða Stefán Ægir Ágústsson sem leikið hafði með A liði félagsins skömmu áður en hann leik með B liði félagsins, sem er óheimilt samkvæmt lögum KSÍ.

Í tölvupósti fyrirvarsmanns kærða kemur fram m.a.:

Við viðurkennum að vera brotleg í þessu varðandi Stefán sem spilaði sem útileikmaður í A liði og markmaður hjá B liði.

Við sættum okkur alveg við það að leikurinn verði skráður 0-3 fyrir Aftureldingu,

### IV.

#### **Niðurstaða:**

Í máli þessu er kært vegna leiks þar sem því er haldið fram að hið kærða félag Selfoss/Hamar/Ægir hafi verið ólöglega skipað í leik liðsins gegn Aftureldingu þann 16. ágúst 2017.

Eins og fram kemur í greinargerð hins kærða félags er fallist á það að umræddur leikmaður hefði ekki mátt taka þátt í leiknum með vísan til gr. 26.1.7 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Með vísan til ofanritaðs er því fallist á dómkröfur kæranda, Aftureldingar, í máli þessu og í samræmi við ákvæði í grein 40.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er leikur Selfoss/Hamars/Ægis og Aftureldingar sem fram fór á Íslandsmóti 3. flokks karla B liða dæmdur tapaður Selfossi/Hamri/Ægi með markatölunni 0-3.

Skýlt er samkvæmt grein 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að dæma kærða til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skal kærði greiða kr. 5.000,- í sekt til KSÍ.

### V.

#### **Úrskurðarorð:**

Úrslitum í leik Selfoss/Hamar/Ægir gegn Aftureldingu í leik liðanna sem fram fór á Selfossi 16. ágúst 2017 í Íslandsmóti 3. flokks karla B liða, er breytt og Aftureldingu úrskurðaður 0-3 sigur í leiknum.

Kærði, Selfoss/Hamar/Ægir, greiði kr. 5.000,- í sekt til KSÍ.

VI.  
**Um Áfrýjun:**

Samkvæmt grein 17.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Sigurður I. Halldórsson [sign]

Halldór Frímannsson [sign]

Helgi R. Magnússon [sign]